

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. mars 1991

um ræktunar- og ættartölukröfur við markaðssetningu hreinræktaðra dýra og um breytingu á tilskipunum 77/504/EBE og 90/425/EBE

(91/174/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hreinræktuð dýr sem „lifandi dýr“ eru talin upp í skránni í II. viðauka við sáttmálann.

Hreinræktuð dýr eru almennt alin í tengslum við landbúnaðarstörf. Eldi slíkra dýra er tekjulind fyrir hluta þeirra sem stunda landbúnað og því ber að efla það.

Sérstakar reglur um samræmingu á löggjöf um dýrarækt hafa verið settar innan bandalagsins fyrir nautgripi, svín, sauðfé, geitur og hófdýr.

Til að tryggja skynsamlega þróun á eldi hreinræktaðra dýra og auka þannig framleiðni á þessu sviði ber að setja reglur um markaðssetningu slíkra dýra innan bandalagsins.

Í grundvallaratriðum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra viðskipti innan bandalagsins.

Útfæra ber gildandi ákvæði um hreinræktaða kynbótanautgripi til hreinræktaðra kynbótavísunda og breyta tilskipun 77/504/EBE ⁽⁴⁾ í þeim tilgangi.Láta skal ákvæði tilskipunar 90/425/EBE ⁽⁵⁾ gilda á þessu sviði.⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. C 304, 29. 11. 1988, bls. 6.⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. C 12, 16. 1. 1989, bls. 365.⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 25.⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 8. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 (Stj. tíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8).⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/675/EBE (Stj. tíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1).

Setja skal ákvæði til að hindra að hreinræktuð dýr séu flutt inn frá þriðju löndum við hagstæðari skilyrði en þau sem gilda innan bandalagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er með „hreinræktuðum dýrum“ átt við dýr til kynbóta sem er að finna í II. viðauka sáttmálans og heyra ekki undir nákvæmari löggjöf bandalagsins um dýrarækt og eru færð inn eða skráð í skrá eða ættartöluskrá sem viðurkennd samtök eða félög dýraræktarmanna halda.

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

— að markaðssetning hreinræktaðra dýra og sæðis, eggja eða fósturvísa þeirra sé ekki bönnuð, takmörkuð eða hindruð af ástæðum er varða dýrarækt eða ættartölu,

— að til að tryggt sé að kröfunum í fyrsta undirlið sé fullnægt verði að setja skilyrði fyrir leyfisveitingu og viðurkenningu á samtökum eða félögum dýraræktarmanna, skilyrði fyrir færslu eða skráningu í ættartöluskrár eða ættbækur, skilyrði fyrir viðurkenningu á æxlun á hreinræktuðum dýrum og notkun á sæði þeirra, eggjum og fósturvísnum og koma á vottorði sem krefjast má fyrir markaðssetningu þeirra án mismununar, að teknu tilliti til þeirra grundvallarreglna sem settar eru af samtökum eða félögum sem halda ættbók eða ættartöluskrá um það kyn er um ræðir.

Þar til nákvæmar reglur um beitingu eins og kveðið er á um í 6. gr. koma til framkvæmda gilda innlend lög áfram, að teknu tilliti til almennu ákvæðanna í sáttmálanum.

3. gr.

Í a-lið 1. gr. tilskipunar 77/504/EBE komi orðin „þar með taldir vísundar“ á eftir hugtakinu „af nautgripakyni“.

4. gr.

Eftirfarandi bætist við II. þátt í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE:

„Í tilskipun ráðsins 91/174/EBE frá 25. mars 1991 um ræktunar- og ættartölukröfur við markaðssetningu hreinræktaðra dýra

Stjtið. EB nr. L 85, 9. 4. 1991, bls. 37.“

5. gr.

Þar til reglur bandalagsins um þetta efni koma til framkvæmda skulu þau skilyrði sem gilda um innflutning á hreinræktuðum kynbótadýrum af nautgripakyni og sæði, eggjum og fósturvísunum frá þriðju löndum ekki vera hagstæðari þeim sem gilda um viðskipti innan bandalagsins.

6. gr.

Nákvæmar reglur um beitingu þessarar tilskipunar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 11. gr. tilskipunar 88/661/EBE ⁽¹⁾.

7. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1992 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. mars 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

R. STEICHEN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 36.